



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/880
komudagur 9.12.2010

Reykjavík, 9. desember

2010

R10120012

5214-0

ÓKH/jb

Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn Orkuveitu Reykjavíkur frá 2. þ.m. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Borgarráð tekur undir þá afstöðu sem birtist í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um að einkaleyfisstarfsemi fyrirtækisins, heitt og kalt vatn, raforkudreifing og rekstur fráveitu, eigi ekki að falla undir ákvæði frumvarpsins og gerir hér með umsögn Orkuveitunnar að sinni.

Ólafur Kr. Hjörleifsson

e.u.

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2.12.2010

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, þskj. 222, 205. mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eigendur Orkuveitu Reykjavíkur ábyrgist ekki hærra hlutfall af lánsfjárbörf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð en 80%.

Orkuveita Reykjavíkur telur að ákvörðun ESA frá 8. júlí 2009, sem frv. byggist á, beinist fyrst og fremst að því að tryggja samkeppnissjónarmið, svo eigendur fyrirtækja niðurgreiði ekki fjármagnskostnað framkvæmda og skekki þannig samkeppnisstöðu. Því telur Orkuveita Reykjavíkur nægilegt að krafa um að ábyrgð eigenda nemi ekki hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárbörf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð gildi einungis um samkeppnisstarfsemi. Samkeppnisstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, framleiðsla og sala raforku, skilar um þriðjungi af tekjum fyrirtækisins. Orkuveita Reykjavíkur telur að einkaleyfisstarfsemi fyrirtækisins, heitt og kalt vatn, raforkudreifing og rekstur fráveitu, ætti ekki að falla undir ákvæði frumvarpsins. Því er lagt til að 3. m. a. liðar 1. gr. frv. hljóði svo: „Ábyrgð eigenda skal ekki nema hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárbörf verkefnis í samkeppnisstarfsemi, sem veitt er eigendaábyrgð.“

Nú er einnig til umfjöllunar Alþingis frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum, þskj. 205, 188. mál. Þar er fjallað um eigendaábyrgð vegna skuldbindinga Landsvirkjunar, sem um gilda lög um ríkisábyrgð nr. 121/1997, en þar er í 3. tl. 3. gr. gert ráð fyrir að ábyrgðarþegi leggi fram a.m.k. 20% af heildarfjárbörf verkefnis, sem veitt er ríkisábyrgð fyrir. Rétt er að minna á að stærstur hluti starfsemi Landsvirkjunar er samkeppnisrekstur, framleiðsla og sala raforku.



Virðingarfyllst,